



Dalsnesti ehf.  
Sigurður Lárusson  
Dalshrauni 13  
220 Hafnarfjörður

UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 150 Reykjavík  
sími: 545 8600 bréfasími: 562 4566 postur@uar.is  
www.umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 19. október 2012  
Tilv.: UMH12040058/40-0

Við er til erindis yðar frá 7. apríl 2012 varðandi tálbeitur í eftirlitsiðnaði. Í erindinu eru þrjár spurningar.


Spurt um hvað sé til ráða að stöðva ólöglegt tálbeiturefirlit undirstofna Hafnarfjarðarbæjar og hvað sé til ráða til að fá niðurstöðu um matvælaeftirlitsgjaldið. Ráðuneytið bendir á að þetta eftirlit er hvorki á vegum þess né löggjafar sem heyrir undir ráðuneytið og því ekki ráðuneytisins að svara til um það og væntir þess að Hafnarfjarðarbæ annars vegar og atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti hins vegar svari þeim spurningum, enda var samrit að erindi yðar sent sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti og bæjarlögmanni Hafnarfjarðarbæjar.


Ráðuneytið vill taka fram að um eftirlit heilbrigðisnefnda fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sem eru á verksviði umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Í lögnum er ekki gert ráð fyrir því að tálbeitur séu notaðar við eftirlit. Hins vegar skal bent á að heilbrigðisnefndir taka við ábendingum utanfrá varðandi þá þætti sem heyra undir eftirlitið og kanna þær. Slíkar ábendingar geta m.a. verið frá almenningi og opinberum stofnunum.

Loks kemur fram í erindi yðar að brynt sé að fá afstöðu ráðuneytisins til samræmingu eftirlits á landinu. Í ráðuneytinu er verið að skoða samræmingu eftirlits á landinu og í máli sl. skipaði ráðherra starfshóp sem hefur það hlutverk að ræða mögulegar útfærslur á framkvæmd við leyfisveitingar og eftirlit samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfshópnun er ætlað að taka saman yfirlit yfir helstu hugmyndir sem ræddar hafa verið, kosti þeirra og galla, sem og afstöðu aðila til þeirra. Í framhaldi af vinnu starfshópsins mun ráðuneytið vinna frumvarp til laga um breytingar á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Stefint er að því að leggja frumvarp fram á Alþingi á næsta ári.


Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

  
Sigurbjörg Sæmundsdóttir

  
Íris Bjargmundsdóttir

Afrit: Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti og Bæjarlögmaður Hafnarfjarðar

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	22.10.2012
Málsnr:	1110160
Brefali:	252.1